

V E T R A R M Æ L I N G A R

Vesturland, bréf nr. 3.

Þegar ég ritaði síðasta bréf, 17. þ.m., gat ég þess, að útlit væri fyrir, að töf yrði á vetrarmælingunum, þ.e.a.s. á lágrennslismælingum eftir langvarandi frost. Þetta reyndist svo; hér kom ein sú mesta rigning, sem menn til þekkja. Hr. tilraunastjóri Sigurður Eliasson, Reykhólum, hefur veðurathugunarstöð, sem er að vísu ekki margra ára, en úrkoma sem þessi hefur ekki verið mæld áður. Úrkoma yfir 60 mm á sólarhring mun vera fremur fátíð á Vestfjörðum.

Eftirfarandi upplýsingar hef ég fengið hjá Sigurði:

Úrkoma mæld kl. 8 (að morgni)

16. febr.	0.7 mm	snjór
17. "	1.8 "	rigning og snjór
18. "	14.5 "	rigning
19. "	63.3 "	rigning
20. "	25.2 "	rigning og snjór
21. "	0.5 "	snjór.

Vindstefnan var vestan og vindhraði 2 til 6 stig.

Hití C°

Dags. febr. '52	Kl. 8			Kl. 14		Kl. 21	
	þurr rakur	Max	Min	þurr rakur	þurr rakur	Max	Min
16.	1.4 0.8	1.6	-5.0	0.0 0.0	-0.7 -0.7	1.5	-1.1
17.	2.0 2.0	3.5	-1.1	3.4 3.2	3.5 3.4	4.4	2.0
18.	3.1 3.1	3.8	2.9	3.8 3.7	3.8 3.6	4.1	2.6
19.	3.6 3.4	4.9	2.6	2.2 2.2	0.1 0.0	4.0	-0.1
20.	-2.6 -2.6	-0.1	-2.7	-3.0 -3.6	-4.9 -5.0	-2.5	-5.1

Þetta voru upplýsingar Sigurðar Eliassonar um veðráttuna.

Þegar líða tók á mánudaginn 18. þ.m., var ljóst, að miklir vatnavextir voru í aðsigi; rigning var stöðug, en Heyá óx hægt þann dag, eins og meðfylgjandi línurit sýnir.

Árla morguns hinn 19. er hún aftur á móti komin í foráttu og fór ört vaxandi fram yfir hádegi og varð þá eigi undir  $15\text{m}^3/\text{sek}$ . Nákvæma mælingu var erfitt að gera, en það bætti nokkuð úr skák, að farvegur árinna er reglulegur á kafla, en skekkja á mælingunni getur verið allt að 2 til  $3\text{m}^3/\text{sek}$ , og þá þó positiv. Þegar vatnsflaumurinn var sem mestur, fyllti áin vatnsop brúarinnar á veginum, sem byggður var s.l. sumar, og flæddi á 100 m kafla yfir veginn, en skemmdi hann hvergi, því að hann var gaddfreðinn. Fyrir leysinguna var mikill snjór í Heyárdalnum; þar sást ekki á dökkan díl allt upp fyrir miðjar hlíðar, en af fjallarindunum í kring hafði skafið öllum snjó. Þegar ég kom að vestan, fór ég þvert yfir Reykjanesfjall og niður Heyárdalinn; þar var gott skiðafari, þótt snjór væri lítill í byggð og svella-  
lög mikil.

Yfirfallsstíflan í Heyá laskaðist nokkuð, en þó vonum minna. Hún er nothæf eins og er til að mæla mikið rennsli með samilegri nákvæmni, en þarf lagfæringar við til þess að rennsli um og innan við  $100\text{ l}/\text{sek}$  verði mælt á henni. Skarð stíflunnar breikk-  
aði og brotnaði ofan af efsta borðinu.

#### Yfirlit.

Heyá hefur farið niður í  $50\text{ l}/\text{sek}$ , þ.e.a.s.  $4\text{ l}/\text{sek}$  pr  $\text{km}^2$ , en nú í flóðinu var rennslið ekki undir  $15\text{ m}^3/\text{sek}$ , þ.e.a.s. um  $1200\text{ l}/\text{sek}$  pr  $\text{km}^2$ , þ.e.a.s. hún hefur 300 faldast.

- " -


Nú hef ég beðið í tvo daga eftir m/s Baldri, sem er í förum milli Reykhóla og Stykkishólms, en hefur seinkað. Bátsins er von í dag. Þessi bið er ekki tilfinnanleg, þar eð nú í nokkra

'3'

daga er tilgangslaust að mæla rennsli, eða þar til sjatnað hefur eftir síðustu vatnavexti. Er þess er ekki langt að bíða, ef frost haldast, því að jörð var freðin undir. Það tekur nokkra daga að síga úr þykkum fönnum.

22. febrúar, 1952

Sigurjón Rist



Február 1952

Heyð Vhm. 67

22/2 '52  
S. Rist

6.2.52-J.R.